

Ásgeir Sigurgeirsson er nú í Haag í Hollandi, þar sem hann tekur þátt í hinu árlega Inter-Shoot loftbyssumóti. Hann byrjar keppni í dag kl.11:30 og ef hann kemst áfram hefjast úrslit kl.16:00. Á morgun byrjar hann kl.07:00 og úrslit kl.13:45. Á laugardaginn byrjar hann kl.10:15 og úrslit kl.15:30. Hægt er að fylgjast með skorinu live á netinu [hérna](#) og eins er vefmyndavél í gangi á meðan á keppni stendur [hérna](#).